

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.

Alþingi nefndasvið, atvinnuveganefnd,
101 Reykjavík.
nefndasvid@althingi.is

22.
29. febrúar 2012.

**Athugasemdir vegna frumvarps til laga um stjórn fiskveiða, flm. Pétur Blöndal
alþingismaður, mál nr. 408.**

Hér með er komið á framfæri eftirfarandi atriðum hvað viðvikur eignarrétti sjávarjarða til sjávarauðlindarinnar. Gerð er krafa um að réttur þessi verði hafður til viðmiðunar við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða.

Almennir borgarar standa í þeirri trú að Alþingi reyni að setja lög sem eru réttlát og sanngjörn fyrir alla borgaranna og virði eignarréttarákvæði stjórnarskrár Íslands. Vísað er til þess að alþingismenn hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskránni þ.á m. að því ákvæði hennar að eignarrétturinn sé friðhelgur og ekki megi svipta borgarana honum nema ákveðin skilyrði séu uppfyllt. Slík skilyrði eru ekki uppfyllt við setningu þeirra laga sem getið er um í frumvarpi þessu. Alþingismenn hafa ekki lagalegt umboð eða heimildir til að setja lög um fiskveiðiauðlindina án þess að fullt tillit sé tekið til þeirra sem fyrir eiga eignarhlutdeild í auðlindinni samkvæmt stjórnarskránni. Þetta frumvarp sem hér um ræðir er því markleysa og mannréttindabrot.

Eigendur sjávarjarða eru einu hlutaðeigendur í sjávarauðlindinni, samkvæmt lagafyrirmælum frá Alþingi (eignarréttur þessi er hins vegar háður lögsögu íslenska ríkisins). Þeir eru algjörlega hunsaðir í frumvarpinu. Þetta hlýtur að vera málefni sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis þarf að taka til ítarlegrar skoðunar.

Undirritaður vísar til þess að frumvarp þetta gengur alveg gegn og tekur ekkert tillit til stjórnarskrárvarinna eignarréttinda sjávarjarða sem fyrirmæli eru um í lögum, en sjávarjarðir eiga belti sjávar í sjávarauðlindinni, sjá sem dæmi meðfylgjandi auglýsingu (frá 8. apríl 2011 og það sem þar er að finna um lagafyrirmæli, sem er endurskoðun á auglýsingu samtakanna frá 3. október 2003) og upplýsingar, álit Mannréttindadómstóls Evrópu um eignarrétt sjávarjarða, úrtak úr fundargerð frá starfshópi um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða frá 7. fundi nefndarinnar 19. febrúar 2010, minnisatriði vegna fundar með formanni stjórnarskrárnefndar 4. júlí 2005 o.fl. Orðrätt segir í álit Mannréttindadómstóls Evrópu, sem er meðfylgjandi: „Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“. Álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum stjórnvöldum eða dómstólum.

Margítrekað hefur íslenskum stjórnvöldum verið bent á þennan grundvallareignarrétt sjávarjarða, en hann hefur samt verið virtur að vettugi s.l. tæplega 3 áratugi. Auk þess eiga sjávarjarðir atvinnurétt svo nefndan útræðisrétt, sem Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur viðurkennt í öðru máli.

Eigendur sjávarjarða eru því ekki jafnir öðrum borgurum þessa lands fyrir lögnum, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Netlög sjávarjarða eru þinglýst eign, í ljósi atvika er eignarréttur tvímælalaus, og enginn vafi leikur á því að eigendur sjávarjaðra eru réttir og löglegir eigendur en verða ólöglega sviptir áfram eign sinni með frumvarpi þessu. Allir mega sjá að brotið er gegn löglegum grundvallar mannréttindum eigenda sjávarjarða og alþingismenn verða að skilja að stundum þurfa þeir að taka á hagsmunum borgaranna sem kannski falla ekki endilega að þeirra eigin hagsmunum..

Eigendur sjávarjaðra leitast við að verja eignarrétt sinn, sem er þinglýstur og viðurkenndur í lögum og Mannréttindadómstóll Evrópu segir að eignarréttur þessi sé lögformlega í samræmi við eignarréttarákvæði Mannréttindasáttmála Evrópuráðsins. Eigendur sjávarjarða eiga því sjálfstæða hagsmuni, sem þeir eru bærir um að fylgja eftir.

Eigendur sjávarjarða eiga þá eign sem nefnd er netlög sem er hluti landhelginnar, fiskveiðilögsögunnar, þ.e. sjávarauðlindarinnar. Eign þessari hefur aldrei verið afsalað af eigendum sjávarjarða og látinn í hendur annarra. Þessi réttur er forn og hefur löglega fylgt sjávarjörðum frá ómunatíð. Eigendur sjávarjarða hafa aldrei heimilað íslenskum stjórnvöldum að ráðstafa eign þessari á nokkurn hátt. Slíkar ráðstafanir, hvort sem er með fyrri lögum eða með fyrrgreindu frumvarpi til laga eru því ólöglegar og heimildarlausar með öllu.

Með frumvarpi þessu er brotið gegn lögvörðum eignarrétti eigenda sjávarjarða. Augljóst er að um mikilvægan eignarrétt er að ræða á verðmætri hlutdeild í sjávarauðlindinni, sem ekki verður tekinn af eigendum nema almenningsþörf krefjist þess, þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Á meðan löglegar heimildir og umboð Alþingis eru ekki fyrir hendi krefjast eigendur sjávarjarða þess að fá að njóta eigna sinna í friði í samræmi við 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sem samþykktur var af Íslandi 18. maí 1954.

Umræða hefur farið fram um veðsetningar á veiðiheimildum. Þess ber að geta að eigendur sjávarjarða hafa heimild, samkvæmt lögum til að veðsetja þann hluta eignar sinnar í sjávarauðlindinni sem eru netlög og veiði þar í samræmi við þau. Netlög eru hluti fiskveiðilögsögunnar og landhelginnar, samkvæmt lögum.

Nokkrar upplýsingar fylgja hér með um eignarheimildir o.fl.:

1. Auglýsing, dags. 8. apríl 2011 (endurskoðun á auglýsingu frá 3. október 2003).
2. Álit Mannréttindadómstóls Evrópu 2. desember 2008, mál nr. 40168/05.
3. Úrtak úr fundargerð 7. fundar starfshóps um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða 19. febrúar 2010.
4. Minnisatriði vegna fundar með formanni stjórnarskrárnefndar 4. júlí 2005.
5. Bréf, dags. 7. nóvember 2002 til Dr. Franz Fischlers, sjávarútvegsráðherra Evrópubandalagsins.
6. Bréf, dags. 11. júní 2009 til sjávarútvegsnefndar Alþingis frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
7. Bréf, dags. 23. október 2009 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.

8. Svar við fyrirspurn í 421. máli á Alþingi.
9. Bréf, dags. 19. febrúar 2011 til fulltrúa Evrópusambandsins frá Samtökum eigenda sjávarjarða
10. Bréf, dags. 12. ágúst 2011 til nefndasviðs alþingis frá Ses.

Eignarréttur eigenda sjávarjarða, er glöggur og skýr og sönnunargögn alveg tæmandi, sbr. m.a. álit Mannréttindadómstóls Evrópu. Verið er að undirbúa lög með frumvarpi ólöglega og án heimilda.

Farið er fram á að fullt tillit verði tekið til eignarréttinda sjávarjarða við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða og löglegra eignarréttinda þeirra verði getið í lögnum.

Heimasíða Samtaka eigenda sjávarjarða er: www.ses.is

Virðingarfyllst,
f.h Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður, omar@litlahorn.is ses.netlog@gmail.com

Meðfylgjandi:
Ses upplýsingar 10 erindi vegna sjávarjarða.

Auglýsing

um einkaeign á hafsvæðinu í netlögum og að sjávarjörðum fylgir eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild

Með vísan til meginreglna íslensks réttar um réttaráhrif friðlýsinga og lögfestna, sbr. m.a. 16. og 17. kap. landleigubálks Jónsbókar, og með vísan til samkvæmrar dómiðkunar frá ómunatíð og neðangreindra tilvitnana í sett lög, þá **kunngjörist hér með og tilkynnist:**

- Eigendur sjávarjarða eiga eignarréttarlega hlutdeild í sjávarauðlindinni og beinan eignarrétt að fiskveiði í netlögum sem er varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Eigendur sjávarjarða eiga ítaksrétt til veiða í fiskhelgi utan netlaga og á hefðbundnum miðum, sem jafna má til afréttarréttinda og er því eignarréttarlegs eðlis og varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt opinberri skýrslu stjórnvalda eiga nokkrar jarðir ákveðin fiskimið, sbr. t.d. skýrslu stjórnarereindrekans Ólafs Olavíusar 1776.
- Útræði/heimræði og útræðisréttur, er einnig varinn af 75. gr. stjórnarskrár, enda jafnframt atvinnuréttarlegs eðlis.
- Sjórinn og sjávarbotninn í netlögum er víða mikilvæg uppeldisstöð og þar er oft mikil fiskgengd. Lífríkið og sjórinn innan og utan netlaga er ein hreyfanleg og óskipt heild. Þetta staðfestir séreignarhlutdeild sjávarjarða í sameign íslensku þjóðarinnar sem nefnd er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Sjávarjarðir á Íslandi eiga og hafa frá ómunatíð átt hlutdeild í sjávarauðlindinni. Eignarhlutdeild þessi byggist í fyrsta lagi á netlögum, sem er ákveðið svæði í einkaeign í sjó út af landi (samanber meðal annars 3. kapitula rekabálks Jónsbókar frá 1281, 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. gr. laga nr. 39/1914 um beitutekju, 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, 14., 72., 77., og 96. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði, 1. og 2. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, 1. gr. laga nr. 64/1994 um fuglaveiðar, 1. og 2. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og 1. gr. laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis). Í öðru lagi eiga sjávarjarðir fornan atvinnurétt, svokallað útræði/heimræði, sem metið hefur verið í fasteignamati og einnig hvalveiðiréttindi.

Fiskveiðilandhelgi Íslands, sem miðast út frá landi, víðast út frá landi sem er í einkaeign, nær einnig yfir netlög og er því þessi séreignarréttur hluti af landhelginni, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi Íslands. Hafíð og lífríkið í netlögum, ásamt öllum gögnum og gæðum, fylgir sjávarjörðum og er eign eigenda sjávarjarða. Einn frjósamasti hluti hafins er í netlögum og er lífríkið ásamt sjónum sjálfum á hreyfingu milli netlaga í einkaeign og ytra svæðis þar sem ríkið fer með umráð. Auðlindin er því óskipt sameign.

Vísað er til þess, að með lögum um stjórn fiskveiða hefur eigendum sjávarjarða verið einhliða meinað að nýta þessa eign sína, án þess að fullt verð hafi komið fyrir, samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og án þess að friðunarástæður eða önnur haldbær lagarök fyrir takmörkun eignarréttinda séu fyrir hendi.

Nú hefur Mannréttindadómstóll Evrópu komið með eftirfarandi álit sitt í úrskurði, í málinu nr. 40169/05, 2. desember 2008, um eignarrétt sjávarjarða í sjávarauðlindinni:

„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.

Álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum stjórnvöldum eða dómstólum.

Reykjavík, 8. apríl 2011.

Samtök eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður

Mannréttindadómstóll Evrópu, málið nr. 40169/05, dags. 2. desember 2008
Álit.

3. The Courts's assessment

“Moreover, the Court finds that the applicant's right to engage in fishing in the net zone adjacent to the coastal property in question constituted a “possession” within the meaning of Article 1 of protocol No. 1”.

3. Álit dómstólsins

„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.

Eftirfarandi var haft eftir Eiríki Tómassyni, prófessor í lögum við Háskóla Íslands á 7. fundi nefndar (samkvæmt fundargerð) um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu, 19. febrúar 2010:

“Formaður (Guðbjartur Hannesson, innskot skýrsluritara) spyr hvernig langtímaafnotaréttur hefur verið skilgreindur og hvort hugmyndir úr annarri auðlindalöggjöf séu yfirferanlegar á fiskveiðilöggjöfina m.t.t. afnotaréttar. Fram kom að eigendur sjávarjarða hafa réttinda að gæta. ET sagði netlög skapa eignarrétt, en ríkið má samt sem áður setja skilyrði um veiðar innan þeirra. Ef þessi réttur yrði innkallaður til ríkisins þyrfti að greiða bætur fyrir.

Rætt var um hversu vandasamt það er að skilgreina eign og afnot og þá sérstaklega að teknu tilliti til þess atvinnuréttar sem getur skapast af eignarrétti eða afnotarétti”.

Minnisatriði vegna fundar með formanni stjórnarskrárnefndar 4. júlí 2005, kl. 14.00.

Efni fundar:

Upplýsingum komið á framfæri frá stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða til formanns stjórnarskrárnefndar um rétt sjávarjarða til sjávarins.

Mættir:

Formaður stjórnarskrárnefndar, Jón Kristjánsson.

Ómar Antonsson, formaður Samtaka eigenda sjávarjarða.
Björn Erlendsson, ritari,
Árni Snæbjörnsson, hlunnindaráðunautur Bændasamtaka Íslands.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða vill með fundi þessum vekja athygli stjórnarskrárnefndar á eftirfarandi atriðum:

1. Sjávarjarðir eru flestar í einkaeign og er eignarréttur þeirra varinn, samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar.
2. Í einkaeigu sjávarjarða eru svo kölluð netlög sem er ræma sjávarins utan stórstraumsfjöruborðs.
3. Netlögin eru hluti fiskveiðilandhelginnar. Netlögin eru talin einn frjósamasti hluti sjávarins. Sjórinn þar og lífríkið er á ferð milli netlaganna og ytra svæðis þar sem íslenska ríkið fer með umráð. Sjávarauðlindin er því óskipt sameign og er nauðsynlegt að taka tillit til allra eigenda, sbr. aðrar óskiptar sameignir.
4. Margar sjávarjarðir eiga fornan rétt til veiða utan netlaga, þ.m.t. í fiskhelgi.
5. Landhelgi Íslands er miðuð út frá landi, þ.e. stórstraumsfjöruborði sjávarjarða, en margar sjávarjarðir eru í einkaeign og er því hluti landhelginnar í einkaeign.
6. Atvinnuréttur tilheyrir sjávarjörðum, svo kallað útræði og heimræði.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða fer fram á, að við umfjöllun stjórnarskrárnefndar um eignarrétt og atvinnurétt sjávarjarða og hugsanlegar stjórnarskrárbreytingar, þá taki nefndin fullt tillit til réttinda sjávarjarða og virði eignarrétt þeirra.

Vísað er í heimasíðu samtakanna: ses.is

Meðfylgjandi:

1. Auglýsing um rétt sjávarjarða frá 3. október 2003.
2. Bréf, dags. 7. nóvember 2002 frá formanni stjórnar Samtaka eigenda sjávarjarða til Dr. Franz Fischler, ráðherra sjávarútvegsmála hjá Evrópubandalaginu.

Samtök eigenda sjávarjarða.
(Association of Coastal Property Owners)
PO Box 90,
780 Hornafjörður,
Iceland.

Dr. Franz Fischler,
Commissioner for Agriculture, Rural Development and Fisheries,
European Commission,
200, rue de la Loi,
B-1049 Brussels, Belgium.

Iceland 7th November 2002.

Dear Dr Fischler,

Re: Ownership of the fishery resources in Icelandic waters

The Icelandic Association of Coastal Property Owners wishes to inform the European Commission for Agriculture, Rural Development and Fisheries that Iceland's fisheries jurisdiction (economic zone) is not owned exclusively by the Icelandic State. Under Icelandic law on property rights, the part immediately adjacent to the shore is the private property of the owners of the land that includes the shore. Thus, not only the water, extending to a certain limit from the shoreline, but also the living resources in it, are in private ownership. Part of these living resources move between the privately-owned area and the area over which the state has control. Thus, these resources are common property that has not been divided among the owners. As regards these proportional ownership rights pertaining to coastal properties, we refer to Article 72 of the Icelandic Constitution on the right of private ownership and to Article 1 of Protocol 1 to the European Declaration on Human Rights, which states that every person is entitled to the peaceful enjoyment of his possessions. This was ratified by representatives of the Icelandic government on 19th June 1953, became binding on Iceland on 3rd September 1953 and was incorporated in the Constitution of the Icelandic Republic in 1994.

When the Icelandic Fisheries Management Act was first passed in 1983, no account was taken of the fact that part of the fisheries jurisdiction is in private ownership; thus, the Althing (the legislative assembly) exceeded its powers according to law. The legally prescribed procedures regarding enforced possession of property were not observed, and therefore no legal possession of these properties has taken place. Catch quotas were imposed after 1983, these quotas being allocated to vessels and the owners of vessels, but the owners of coastal properties, i.e. the partial owners of the coastal waters, received no quota. Thus, the owners of coastal properties in Iceland have been illegally deprived of their legal possessions, and consequently of the employment rights which they had enjoyed for the previous 1,000 years.

Our association is now working to have these ancient rights respected and to have the associated perquisites recognised and returned to their legal owners.

The Icelandic State is not the agent of the coastal property owners concerning common marine resources that have not been divided among the owners, and it therefore does not have full authority to discuss these matters. If it should happen that Iceland and the European Union enter into discussions on fisheries policy or on Iceland's membership of the EU, then we request that EU officials take the facts recounted above into account and ensure that all owners of these resources are involved in the negotiations.

Yours sincerely,

On behalf of the Icelandic Association of Coastal Property Owners,

Ómar Antonsson, Chairman.

Copies to:

The Althing's Standing Committee on Fisheries, Alþingi, 150 Reykjavík.

Mr Davíð Oddsson, Prime Minister. Prime Minister's Office, Stjórnarráðshúsinu, 150 Reykjavík.

Mr Halldór Ásgrímsson, Minister for Foreign Affairs, Ministry for Foreign Affairs, Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík.

Mr Árni Matthíasson, Minister of Fisheries, Ministry of Fisheries, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík.

Mr Guðni Ágústsson, Minister of Agriculture, Ministry of Agriculture, Sölvhólsgötu 2, 150 Reykjavík.

Mr Sven Ludvikssen, Norwegian Minister of Fisheries, PO Box 8118 Dep., N 0032, Oslo, Norge.

Mr Eliot Morley, Department for Environment, Food and Rural Affairs, Noble House 17 Smith Square, London SW1P 3JR, U.K.

**Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.**

Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 11. júní 2009.

Málefni: Athugasemdir Samtaka eigenda sjávarjarða við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009).

Ég undirritaður, formaður Samtaka eigenda sjávarjarða, vísa í samtal mitt við Gaut Sturluson, lögfræðing nefndarsviðs og tölvupóst hans 9. júní 2009.

Formáli:

Hinn 5. júlí 2001 voru Samtök eigenda sjávarjarða stofnuð á fundi sem haldinn var í Reykjavík. Félagar í SES eru um 400. Jarðir með skráðan útræðisrétt eru rúmlega 1.000. Heildarfjöldi jarða sem eiga land að sjó eru taldar vera 2.240.

Markmið Samtakanna er eftirfarandi:

- Að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný og staðfestan í lögum um stjórn fiskveiða.
- Að vinna að því að eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga, sem og tiltöluleg eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild, verði virt og í heiðri höfð.

Frá því að Samtökin voru stofnuð hafa ofangreind markmið ítrekað verið kynnt á opinberum vettvangi.

Nú liggur fyrir að stefnumál Samtakanna hafa ekki fengið framgang við hefðbundna umræðu við lagasetningu á Alþingi þegar lög um stjórn fiskveiða hafa verið endurskoðuð.

Í nýlegu álit Mannréttindadómstóls Evrópu, í máli grásleppubónnda, kemur eftirfarandi fram: *“Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi myndað “eign” í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1”* (undirstrikun bréfitara). Refsimál þetta er sérmál grásleppubóndans en er ekki mál sjávarjarða í heild.

Hluti auðlindarinnar, svo nefnd netlög eru í einkaeign, samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Sjór, dýralíf og plöntulíf er á ferð milli netlaga og ytra svæðis og er því sjávarauðlindin óskipt og á flakki. Eigendur sjávarjarða eru meðeigendur að sjávarauðlindinni og eigendur eins mikilvægasta hluta hennar, þ.e. grunnsævisins næst landi.

Samtök eigenda sjávarjarða eru fjölmenn hagsmunasamtök um sjávarauðlindina, auk þess sem stefnumál þeirra er stærsta og umfangsmesta byggða- og réttlætismál síðari tíma.

Samtökin eru með heimasíðu. Slóðin er: www.ses.is

Athugasemdir við frumvarpið:

Samkvæmt skilgreiningu í Lögbókin þín eftir Björn Þ. Guðmundsson, prófessor í lögum, þá eru netlög eftirfarandi: "Netlög nefnist ákveðið belti meðfram landi í sjó og vötnum sem tiltekin eignarréttindi eru bundin við. Netlög eru talin falla undir eignarrétt eiganda → *landareignar*". Ennfremur er vísað í meðfylgjandi auglýsingu frá 3. október 2003.

Misjafnt er hvernig þetta belti í sjó er skilgreint. Annars vegar er um að ræða netlög 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði þar sem aðdjúpt er og hins vegar netlög út á dýpi 20 möskva selnótar eða út á 7,45 metra dýpi út frá stórstraumsfjöruborði þar sem grunnsævi er meira (skýringar Páls Vídalín, lögmans 1667-1727).

Eins og kemur fram í formála, þá er sjórinn, dýralíf og plöntulíf á ferð milli netlaga og ytra svæðis. Engin bein skil eru á milli þessara svæða. Sjávarauðlindin er því óskipt sameign. Í því sambandi mætti vísa í svonefnda deilistofna, flökkustofna, sem eru á ferð milli svæða og semja þarf um.

Tveir sjávarlíffræðingar við Háskóla Íslands og Hafrannsóknarstofnun segja eftirfarandi í grein sinni í Morgunblaðinu 13. apríl 2008: "*Grunnsævið gulls ígildi. Færa má rök fyrir því að grunnu hafsvæðin við Ísland séu ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Þar er vaggja fjölmargra nytjastofna og þaðan streyma nýliðarnir út á miðin. Meðal annars hafa réttindi sjávarjarða verið í umræðunni*". Svo segir: "*Grunnsævið í kringum Ísland (grynnra en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslóð fyrir okkar helstu nytjafiska*". Fleiri vísindamenn taka í sama streng svo sem dr. Veerle Vanderweeld, framkvæmdastjóri alheimsáætlunar um varnir gegn mengun hafsins frá landi, en hún segir í viðtali í Morgunblaðinu 27. október 2000: "*Skilgreind strandsvæði eru einnig hýbýli 90% fiska og skeldýra*". Vísað er í viðtal við dr. Kenneth Sherman, forstjóra Narragansett hafrannsóknarstofnunarinnar á Rhode Island í Fréttablaðinu 31. janúar 2002 en hann segir m.a.: "*Vistkerfi óháð landamærum og efnahagslögsögu. Hann vísar í strandsvæði, frá árkerfum að landgrunnsörkum og ytri örkum helstu straumkerfa. Tvö eða fleiri samliggjandi lönd deila oft eina og sama vistkerfinu*". Höfðað er til hlutdeildar í deilistofnum. Vísað er í viðtal í Morgunblaðinu 4. júlí 2005 við dr. Kathy Sullivan, geimfara og könnuð í Explorers Club, en hún segir: "*Strandsvæðin skipta miklu máli fyrir fiskveiðar og eru mikilvægar fiskuppeldisstöðvar. Umhverfisgæði almennt taka mið af ástandi strandsvæðanna sem eru lungu og lifur jarðarinnar*". Að lokum ber að nefna í þessu sambandi tvo þætti dr. David Attenboroughs "*Hafið bláa hafið*" en þeir voru sýndir í íslenska sjónvarpinu 16. og 23. nóvember 2003. Þættir 7 og 8 fjalla um strandsvæði sem má segja að hér á landi séu oft nefnd netlög. Þættirnir skýra vel hversu mikilvæg netlögin eru. Hversu fjölskrúðugt dýra- og plöntulíf er á strandsvæðunum og hvað það er mikilvægt fyrir lífið utar í hafinu.

Landhelgi er skilgreind út frá landi og eru því netlög í landhelgi Íslands og innan auðlindalögsögunnar.

Nú er ljóst að mannréttindadómstóll Evrópu lítur svo á að netlög séu eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Alþingi getur því ekki lengur hundsáð þennan eignarrétt og ber að virða hann.

Alþingi hefur ekki umboð eða heimildir til að ráðstafa þessum eignarrétti sjávarjarða. Alþingi ber að fara að lögum sem það hefur sjálf sett svo sem eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og fleiri lögum um netlög.

Lagt hefur verið fram frumvarp sem nefnt hefur verið frumvarp um strandveiðar. Sjávarströndin og netlögin þar fram undan er víða í einkaeign. Það er álit eigenda sjávarjarða að Alþingi geti ekki sett lög um stjórn fiskveiða er varðar strandveiðar og ráðstöfun á auðlindinni án þess að meðeigendur að henni séu hafðir með í ráðum. Annað væri fádæma yfiringangur og sæmir ekki Alþingi.

Það er krafa eigenda sjávarjarða, sem meðeigenda að óskiptri sjávarauðlindinni, að þeir verði hafðir með í ráðum með lagasetningu er tengist sjávarauðlindinni og sérstaklega þegar um er að ræða lagasetningu sem tengist strandsvæðum.

Óskað er eftir fundi með sjávarútvegsnefnd Alþingis um þessi mál sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,
Samtök eigenda sjávarjarða.

Ómar Antonsson, formaður.

Meðfylgjandi er til upplýsinga:

1. Auglýsing, dags. 3. október 2003 er skilgreinir rétt og eign sjávarjarða í auðlindinni samkvæmt íslenskum lögum.
2. Bréf, dags. 7. nóvember 2002 til Dr. Franz Fischlers, ráðherra Evrópusambandsins.

Hr. Jón Bjarnason, sjávarútvegsráðherra
Skúlagötu 4
150 Reykjavík.

Reykjavík, 23. október 2009.

Efni: Eignarréttur sjávarjarða og hlutdeild í veiðigjaldi (auðlindagjaldi).

I.

Til Réttar hafa leitað, Samtök eigenda sjávarjarða, pósthólf 90, 780 Hornafirði, en þau eru samtök þeirra sem eiga og/eða nytja sjávarjarðir, svo og þeirra sem eru áhugamenn um hlunnindarétt jarða. Stór hluti eigenda sjávarjarða eiga aðild að samtökunum.

Vísað er til bréfs samtakanna til sjávarútvegsráðherra 13. september 2004, en þar var farið fram á að hluti auðlindagjaldsins rynni til eigenda sjávarjarða. Sjávarútvegsráðuneytið svaraði bréfinu án alls rökstuðnings þann 21. september 2004, en um kröfur eigenda sjávarjarðar til hlutdeildar í auðlindagjaldi sagði einfaldlega:

„Með bréfi þessu vill ráðuneytið áréttta, að það hafnar þeim hugmyndum og óskum sem settar eru fram í bréfi yðar.“

II.

Samtök eigenda sjávarjarða una ekki þessu svari ráðuneytisins og krefjast þess að stjórnvöld endurskoði afstöðu sína til þessara mála ellegar rökstyðji með ítarlegum hætti hvers vegna þau telji að eigendur sjávarjarða eigi ekki rétt á hlutdeild í auðlindagjaldinu. Til stuðnings fyrrgreindum kröfum er vísað til áðurgreinds bréfs samtakanna 13. september 2004 auk eftirfarandi sjónarmiða:

Óumdeilt er að nytjastofnar þeir á Íslandsmiðum, sem lög um stjórn fiskveiða ná til, eiga uppruna sinn m.a. í netlögum sjávarjarða. Því til stuðnings er vísað til skrifra tveggja sjávarlíffræðinga við Háskóla Íslands og Hafrannsóknunarstofnun í Morgunblaðinu 13. apríl 2008:

„Grunnsævið er gulls ígildi. Færa má rök fyrir því að grunnu hafsvæðin við Ísland séu ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Þar er vagga fjölmargra nytjastofna og þaðan streyma nýliðarnir út á miðin. Meðal annars hafa réttindi sjávarjarða verið í umræðunni. [...] Grunnsævið í kringum Ísland (grynnra en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslóð fyrir okkar helstu nytjafiska.“

Samtök eigenda sjávarjarða vekja jafnframt athygli ráðuneytisins á því að eignarréttur eigenda sjávarjarða til netlaga nýtur verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands sem og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. l. nr. 62/1994. Fjallað var um þetta atriði í álitum Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Björns Guðna Guðjónssonar nr. 40169/05 gegn íslenska ríkinu en þar segir:

„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi myndað „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1.“

Að lokum vísa samtökin sérstaklega til þingsályktunar frá júní 1998 (465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing) um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, en þar má greina vilja löggjafans til þess hvert auðlindagjaldið skuli renna. Þar segir:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

III.

Með vísan til framangreinds er þess krafist að stjórnvöld endurskoði afstöðu sína til þessara mála og hefji formlegar viðræður um lausn fyrrgreinds máls eigi síðar en 6. nóvember nk. ellegar rökstyðji með ítarlegum hætti hvers vegna þau telji að eigendur sjávarjarða eigi ekki rétt á hlutdeild í auðlindagjaldinu. Berist ekki svar við bréfi þessu innan þess frests verður litið svo á að stjórnvöld hafni viðræðum við eigendur netlaga um lausn málsins og hyggist þar með halda áfram að innheimta gjald af þeim sem nýta auðlindina án tillits til löglegra réttinda eigenda sjávarjarða í nytjastofnunum og þar með rökréttri kröfu til hlutdeildar í umræddu gjaldi.

Virðingarfyllt,

Ragnar Aðalsteinsson, hrl.

Fylgiskjöl:

1. Bréf Samtaka eigenda sjávarjarða til sjávarútvegsráðuneytisins, 13. september 2004.
2. Bréf sjávarútvegsráðuneytisins til Samtaka eigenda sjávarjarða, 21. september 2004.
3. Jónas Páll Jónasson og Björn Gunnarsson: „Grunnsævið gulls ígildi?“. Birtist í Morgunblaðinu 13. apríl 2008.
4. Þingsályktun um skipan opinberrar nefndar um auðlindgjald, 465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing.

139. löggjafarþing 2010–2011.
Þskj. 919 — 421. mál.

Svar

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um réttindi sjávarjarða.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Verður útræðisréttur sjávarjarða virtur og staðfestur við þá endurskoðun laga um stjórn fiskveiða sem núverandi ríkisstjórn hyggst ráðast í?
2. Verða eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga tryggð við endurskoðunina?

Hentugt er að svara þessari fyrirspurn í einu lagi. Í upphafi er rétt að gera nokkra grein fyrir þeim réttindum sem hér er um að tefla. Í fornlögum segir að svo skuli almenningar vera sem að fornu hafa verið, bæði hið efra og hið ytra. Veiðar í svonefndum hafalmenningum, þ.e. í sjó utan netlaga, voru um aldir taldar frjálssar. Á hinn bóginn átti landeigandi einn alla veiði í netlögum. Sjá neðanmálsgrein 1¹. Á 20. öld voru reistar margvíslegar takmarkanir við veiðum innan fiskveiðilandhelgi Íslands, sem hafa gengið nærri því að afnema hina fornu meginreglu um almannarétt til fiskveiða. Alkunna er að árin 1984–1991 var komið á fót svonefndu aflamarkskerfi (kvótakerfi). Um eignarheimildir í netlögum sjávarjarða, m.a. í ljósi þessara breytinga, hefur gerst fjallað Skúli Magnússon í grein í *Lögbergi* árið 2003. Sjá neðanmálsgrein 2². Nokkur réttarþróun hefur orðið síðan greinin var skrifuð, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 31. október 2007 í máli nr. 554/2007 og frávísunarúrskurð fjórðu aðaldeildar Mannréttindadómstóls Evrópu um kæru nr. 40169/05 í máli Björns Guðna Guðjónssonar gegn Íslandi.

Vegna fyrirspurnarinnar verður bent á það að ráðherra ákvað að veita Samtökum eigenda sjávarjarða aðild að starfshópi um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða sem skilaði skýrslu dags. 6. september 2010. Í skýrslunni segir að frá upphafi hafi áherslur og málflutningur fulltrúa samtakanna í starfshópnum verið „sjálfstætt mál sem þarfnaðist sérstakrar umfjöllunar og afgreiðslu“. Helstu sjónarmiðum samtakanna er lýst í skýrslunni. Meiri hluti starfshópsins áleit að „skynsamlegt og gagnlegt gæti reynst“ að ráðherra skipaði sérstaka nefnd sem fengi það eina hlutverk að draga fram öll þau gögn sem „kunna að varða þetta einstaka en um leið flókna mál, og vinna með þau á þann hátt að komast megi nær niðurstöðu í málinu. Tekið verði tillit til þeirrar niðurstöðu sem fæst við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða.“ Málefnið væri „of sérhæft og umfangsmikið til að leiða það til lykta innan [hópsins].“ Í bókun stjórnar Samtaka eigenda sjávarjarða, sem prentuð er sem fylgiskjal við skýrsluna, er nánar greint frá sjónarmiðum samtakanna. Sjá neðanmálsgrein 3³.

Ráðherra hefur ekki skipað sérstaka nefnd samkvæmt ábendingu meiri hluta starfshópsins og að beiðni Samtaka eigenda sjávarjarða. Að því leyti sem endurskoðunin snertir skýrlega málefni eigenda sjávarjarða verður engu að síður leitast við að hlýða á sjónarmið þeirra og taka tillit til þeirra. Með vísan til framangreinds getur ráðuneytið ekki að svo stöddu gefið frekari svör um afstöðu til sjónarmiða þeirra.

Neðanmálsgrein: 1

¹ Sjá t.d.: Óbyggðanefnd: *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum*. Reykjavík 8. janúar 2010, bls. 42–46.

Neðanmálsgrein: 2

² Skúli Magnússon: „Íslensk fiskveiðistjórn og réttur eigenda sjávarjarða.“ *Lögberg. Rit Lagastofnunar Háskóla Íslands. Ritstjórnar Stefán Már Stefánsson og Viðar Már Matthíasson*. Reykjavík 2003, bls. 683–730.

Neðanmálsgrein: 3

³ *Skýrsla starfshóps um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Álitamál, greiningar, skýrslur og valkostir við breytingar á stjórn fiskveiða. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið gaf út*. Reykjavík 2010, bls. 66 og 90–91.

Association of Coastal Property Owners
(Samtök eigenda sjávarjarða)
PO Box 90,
780 Hornafjörður,
Iceland.

European Union.

Mrs. Helena Alvin, Policy Officer-European Integration

Helena.ALVIN@ec.europa.eu

and

Mr. Armando Astudillo, Adviser-Atlantic, Outermost Regions and Arctic.

Armando.Astudillo@ec.europa.eu

Iceland, 19 February 2011.

Dear Officer Alvin and Adviser Astudillo.

Re: Fishing rights and ownership of fishery resources in Icelandic waters.

We, the representatives of the abovementioned **civil society**, should like to inform you that under Icelandic law, ownership rights in a zone extending from the coast of Iceland (and its islands) into its fisheries jurisdiction belong to the owners of the relevant coastal properties; these rights include certain fishing rights and the control of other resources in the water (such as whale-hunting etc.). These owners are part of the Icelandic nation, most or all of them being Icelandic citizens. We wish to refer to the enclosed Announcement Sheet and the assessment of the European Court of Human Rights 2nd December 2008, where it is stated: *“Moreover, the Court finds that the applicant’s right to engage in fishing in the net zone adjacent to the coastal property in question constituted a “possession” within the meaning of Article 1 of protocol No. 1.”*

Neither the Government of Iceland nor the Icelandic state, including the Icelandic EU negotiating committee, represents the private properties of the owners of the coastal properties, and the parties in this above mentioned civil society have not been prepared to discuss the issue with the European Union delegation to Iceland. Our ownership is not honoured according to the law. We consider it very important that the Icelandic delegation will be asked precisely by the EU delegation about the matter on these screening meetings ahead for example regarding what the law specify about the property rights of coastal properties both direct ownership rights and the rights to utilize the fishing grounds what concerns employment rights. Also that they will be asked about the ownership of the living species and the sea inside and outside the privately owned net-zone as a mobile and undivided whole and how Icelandic authorities plan to solve the issue that peoples property rights will be honoured in this respect.

We hereby request that in the screening meetings in the nearest future our property rights will be discussed in detail and also how it will be possible to take them into the discussion about the future management of the fisheries resource.

For further information, we should be grateful if you could in this respect contact me the chairman or the secretary of the Association Mr Björn Erlendsson, Adalland 15, 108 Reykjavik, Iceland, tel. +354 553 1721, bjorn.erlends@gmail.com

We also refer to our homepage:

www.ses.is

Yours sincerely,

On behalf of the Icelandic Association of Coastal Property Owners,

Ómar Antonsson, Chairman.

Björn Erlendsson, Secretary.

bjorn.erlends@gmail.com

Enclosed:

1. Announcement Sheet, dated 27th August 2006.
2. Assessment of the European Court of Human Rights 2 December 2008, concerning property rights.
3. Letter, dated 7th November 2002 to EU Commissioner Dr. Franz Fischler.
4. Letter, dated 11th June 2009 to the Commission of Fisheries of the Althing.
5. Letter, dated 23rd October 2009 from the office of law Réttur to the Minister of Fisheries.
6. Letter, dated 1st February 2010, Mr. Timo Summa, Ambassador, Head of Delegation.

Samtök eigenda sjávarjarða.

Pósthólf 90,
780 Hornafirði.

Alþingi nefndasvið,
101 Reykjavík.
nefndasvid@althingi.is

12. ágúst 2011.

Athugasemdir vegna frumvarpa til laga um stjórn fiskveiða, mál nr. 827 (heildarlög) og 839.

Hér með er komið á framfæri eftirfarandi atriðum hvað viðvíkur eignarrétti sjávarjarða til sjávarauðlindarinnar. Gerð er krafa um að réttur þessi verði hafður til samræmingar við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða.

Undirritaður vísar til þess að frumvarp þetta gengur alveg gegn og tekur ekkert tillit til stjórnarskrárvárinna eignarréttinda sjávarjarða sem fyrirmæli eru um í lögum, en sjávarjarðir eiga belti sjávar í sjávarauðlindinni, sjá sem dæmi meðfylgjandi auglýsingu, og upplýsingar sem þar er að finna um lagafyrirmæli, frá 8. apríl 2011, sem er endurskoðun á auglýsingu samtakanna frá 3. október 2003, álit Mannréttindadómstóls Evrópu um eignarrétt sjávarjarða, úrtak úr fundargerð frá starfshópi um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða frá 7. fundi nefndarinnar 19. febrúar 2010 og minnisatriði vegna fundar með formanni stjórnarskrárnefndar 4. júlí 2005. Orðrétt segir í álit Mannréttindadómstóls Evrópu, sem er meðfylgjandi: „*Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1*“. Álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum stjórnvöldum eða dómstólum.

Margítrekað hefur íslenskum stjórnvöldum verið bent á þennan grundvallareignarrétt sjávarjarða, en hann hefur samt verið algjörlega hundsáður s.l. tæplega 3 áratugi. Auk þess eiga sjávarjarðir atvinnurétt svo nefndan útræðisrétt, sem Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur viðurkennt í öðru máli. **Þingmenn Alþingis hafa svarið eið að stjórnarskrá Íslands m.a. um það ákvæði hennar að eignarrétturinn sé friðhelgur og ekki megi svipta borgarana honum nema ákveðin skilyrði séu uppfyllt.** Slík skilyrði eru ekki uppfyllt við setningu þeirra laga sem getið er um í frumvarpi þessu. Alþingismenn hafa ekki lagalegt umboð eða heimildir til að setja lög um fiskveiðiauðlindina án þess að fullt tillit sé tekið til þeirra sem fyrir eiga eignarhlutdeild í auðlindinni.

Eigendur sjávarjarða eru því ekki jafnir öðrum borgurum þessa lands fyrir lögnum, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Netlög sjávarjarða eru þinglýst eign, í ljósi atvika er eignarréttur tvímælalaus, og enginn vafi leikur á því að eigendur sjávarjaðra eru réttir og löglegir eigendur en verða ólöglega sviptir áfram eign sinni með frumvarpi þessu. Allir mega sjá að brotið er gegn löglegum grundvallar mannréttindum eigenda sjávarjarða.

Eigendur sjávarjaðra leitast við að verja eignarrétt sinn, sem er þinglýstur og viðurkenndur í lögum og Mannréttindadómstóll Evrópuráðsins segir að eignarréttur þessi sé lögformlega í samræmi við eignarréttarákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Eigendur sjávarjarða eiga því sjálfstæða hagsmuni, sem þeir eru bærir um að fylgja eftir.

Eigendur sjávarjarða eiga þá eign sem nefnd er netlög sem er hluti landhelginnar, fiskveiðilögsögunnar, þ.e. sjávarauðlindarinnar. Eign þessari hefur aldrei verið afsalað af eigendum sjávarjarða og látinn í hendur annarra. Þessi réttur er forn og hefur löglega fylgt sjávarjörðum frá ómunatíð. Eigendur sjávarjarða hafa aldrei heimilað íslenskum stjórnvöldum að ráðstafa eign þessari á nokkurn hátt. Slíkar ráðstafanir, hvort sem er með fyrri lögum eða með fyrrgreindu frumvarpi til laga eru því ólöglegar og heimildarlausar með öllu.

Með frumvarpi þessu er brotið gegn lögvörðum eignarrétti eigenda sjávarjarða. Augljóst er að um mikilvægan eignarrétt er að ræða á verðmætri hlutdeild í sjávarauðlindinni, sem ekki verður tekinn af eigendum nema almenningsþörf krefjist þess, þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Á meðan löglegar heimildir og umboð Alþingis eru ekki fyrir hendi krefjast eigendur sjávarjarða þess að fá að njóta eigna sinna í friði í samræmi við 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sem samþykktur var af Íslandi 18. maí 1954.

Umræða hefur farið fram um veðsetningar á veiðiheimildum. Þess ber að geta að eigendur sjávarjarða hafa heimild, samkvæmt lögum til að veðsetja þann hluta eignar sinnar í sjávarauðlindinni sem eru netlög og veiði þar í samræmi við þau. Netlög eru hluti fiskveiðilögsögunnar og landhelginnar, samkvæmt lögum.

Nokkrar upplýsingar fylgja hér með um eignarheimildir.

Til upplýsinga eru send meðfylgjandi skjöl:

1. Auglýsing, dags. 8. apríl 2011 (endurskoðun á auglýsingu frá 3. október 2003).
2. Álit Mannréttindadómstóls Evrópu 2. desember 2008, mál nr. 40168/05.
3. Úrtak úr fundargerð 7. fundar starfshóps um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða 19. febrúar 2010.
4. Minnisatriði vegna fundar með formanni stjórnarskrárnefndar 4. júlí 2005.
5. Bréf, dags. 22. janúar 2008 til Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
6. Bréf, dags. 11. júní 2009 til sjávarútvegsnefndar Alþingis frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
7. Bréf, dags. 23. október 2009 frá lögmannstofunni Réttur til sjávarútvegsráðherra.
8. Bréf, dags. 8. júlí 2010 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
9. Bréf, dags. 27. september 2010 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
10. Bréf, dags. 13. október 2010 til utanríkisráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
11. Svar við fyrirspurn í 421. máli á Alþingi.
12. Bréf, dags. 19. febrúar 2011 til fulltrúa Evrópusambandsins frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
13. Bréf, dags. 29. apríl 2011 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.

Heimasíða Samtaka eigenda sjávarjarða er: www.ses.is

Eignarréttur eigenda sjávarjarða, er glöggur og skýr og sönnunargögn alveg tæmandi, sbr. m.a. álit Mannréttindadómstóls Evrópu. Verið er að undirbúa lög með frumvarpi ólöglega og án heimilda.

Farið er fram á að fullt tillit verði tekið til eignarréttinda sjávarjarða við setningu nýrra laga um stjórn fiskveiða og löglegra eignarréttinda þeirra verði getið í lögnum.

Virðingarfyllst,

f.h Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður,

omar@litlahorn.is

20. júní 2011

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög), 827. mál.

Þess er óskað að umsögn berist fyrir **20. ágúst nk.** á netfangið nefndasvid@althingi.is en jafnframt er óskað eftir að fá undirritað frumrit til skjalaskráningar sent til Nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/139/s/1475.html>

Vakin er athygli á því að allar umsagnir um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls þegar það hefur verið rætt á nefndarfundi. Bent skal á að leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html.

20. júní 2011

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (uppboð aflaheimilda), 839. mál.

Þess er óskað að umsögn berist fyrir **20. ágúst nk.** á netfangið nefndasvid@althingi.is en jafnframt er óskað eftir að fá undirritað frumrit til skjalaskráningar sent til Nefndasviðs Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/139/s/1510.html>

Vakin er athygli á því að allar umsagnir um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls þegar það hefur verið rætt á nefndarfundi. Bent skal á að leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html.